

57. Fundur bæjarráðs Blönduósþéjar fimmtudaginn 5. júlí 2012, kl. 15:00.

Arnar Þór Sævarsson, bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

- 1. Íþróttamiðstöð**
- 2. Ársreikningur Félagsheimilis**
- 3. Ársreikningur Háubrekku**
- 4. Ársreikningur Skúlahorns**
- 5. Fundargerðir:**
 - a) Menningar- og feqrunarnefndar frá 2. júlí 2012**
 - b) Félags-og skólaþjónustu A-hún frá 7. júní 2012**
 - c) SSVN frá 19. júní 2012**
 - d) Stjórnar Hafnarsambands Íslands frá 20. júní 2012**
 - e) Heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra frá 3. júlí 2012**
 - f) Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 29. júní 2012**
- 6. Bréf frá Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga frá 26. júní 2012**
- 7. Beitarhólf**
- 8. Bréf frá fjárlaganefnd dags. 18. júní 2012**
- 9. Aðalfundarboð Norðurár bs.**
- 10. Bréf frá Þjóðskrá dags. 2. júlí 2012**
- 11. Bréf frá Vegagerðinni frá 16. maí 2012**
- 12. Bréf frá Umhverfisstofnun frá 20. júní 2012**
- 13. Bréf frá Erlendi Magnússyni frá 25. júní 2012**
- 14. Bréf frá Erlendi Magnússyni frá 1. júlí 2012**
- 15. Önnur mál**

Afgreiðslur:

Formaður bæjarráðs setti fund og bauð alla fundrmenn velkomna og þá sérstaklega Önnu Margréti Sigurðardóttur sem situr sinn fyrsta bæjarráðsfund.

1. Íþróttamiðstöð

Valgerður Hilmarsdóttir, fjármálastjóri, mætti á fundinn. Valgerður kynnti starfsmannamál Íþróttamiðstöðvar og Blönduskóla. Umræður urðu um málið.

Bæjarstjóra og fjármálastjóra falið að vinna að málinu í samræmi við þær umræður sem urðu á fundinum.

Formaður óskaði eftir að taka upp liðinn önnur mál.

a) Valgerður Hilmarsdóttir kynnti nýtt bókhaldskerfi Blönduósbæjar sem inniheldur m.a. uppáskriftarkerfi. Jafnframt var kynnt Íbúagátt sem gerir íbúum Blönduósbæjar kleift að nálgast rafræn gögn frá Blönduósbæ. Íbúagáttin verður verður tekin í notkun á næstunni.

2. Ársreikningur Félagsheimilis

Tap varð á rekstri félagsins á árinu 2011 að fjárhæð 2.727 þús. kr. Bókfært eigið fé félagsins í árslok var neikvætt um 36.901 þús. kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Hlutfé félagsins nam í árslok 40.600 þús. kr. og átti Blönduósbær 99,7% af heildarhlutfé en Leikfélag Blönduóss 0,3% sem er óbreytt frá fyrra ári.

Umræður urðu um ársreikninginn. Bæjarráð Blönduósbæjar hefur í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2011 og staðfesta hann með undirritun sinni.

3. Ársreikningur Háubrekku

Tilgangur félagsins er kaup, sala og rekstur fasteigna og lánastarsfemi. Engin starfsemi var á árinu 2011. Hlutfé félagsins nam í árslok 12,5 millj. kr. og var það allt í eigu Blönduósbæjar, sem er eins og var í upphafi árs. Bæjarráð Blönduósbæjar hefur í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2011 og staðfest hann með undirritun sinni.

4. Ársreikningur Skúlahorns

Tap varð á rekstri félagsins á árinu 2011 að fjárhæð 0,5 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé félagsins í árslok nam 0,0 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Hlutfé í árslok nam 113,7 millj. kr. skiptist það á þrjá hluthafa, þá sömu og í ársbyrjun. Í árslok 2011 áttu tveir hluthafar yfir 10% eignarhluta í félaginu en þeir eru:

Blönduósbær – 76,8%

Húnavatnshreppur - 18,5%

Bæjarráð Blönduósbæjar hefur í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2011 og staðfest hann með undirritun sinni.

Valgerður Hilmarsdóttir yfirgefur fundinn.

5. Fundargerðir:

a) Menningar- og februnarnefndar frá 2. júlí 2012

Fundargerðin er í 1 lið. Fundargerðin kynnt og gefur ekki tilefni til ályktana. Fundargerðin samþykkt.

b) Félags-og skólaþjónustu A-hún frá 7. júní 2012

Fundargerðin er í 8 liðum. Með fundargerðinni fylgdi ársreikningur byggðasamlagsins. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Lögð fram til kynningar.

c) SSNV frá 19. júní 2012

Umræður urðu um fundargerðarina. Bæjarráð óskar eftir að fá fulltrúa Blönduósbæjar í stjórn SSNV til að ræða 7. lið fundargerðarinnar á næsta fund bæjarráðs.

Lögð fram til kynningar.

d) Stjórnar Hafnarsambands Íslands frá 20. júní 2012

Lögð fram til kynningar.

e) Heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra frá 3. júlí 2012

Bæjarráð felur bæjarstjóra að fá nánari upplýsingar um gildistíma starfsleyfa. Lögð fram til kynningar.

f) Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 29. júní 2012

Lögð fram til kynningar.

6. Bréf frá Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga frá 26. júní 2012

Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga hefur yfirfarið ársreikning sveitarfélagsins fyrir rekstrarárið 2011 og fjárhagsáætlunir fyrir árin 2012-2013. Með tilvísun til 64. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og reglugerðar um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga nr. 502/2012 er það mat nefndarinnar að fjármál sveitarfélagsins þarfnist frekari skoðunar.

Þau sveitarfélög sem uppfylla ekki viðmið 64. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 hinn 1. janúar 2012 skulu fyrir 1. september 2012 samþykkja áætlun um hvernig þau hyggjast ná viðmiðunum. Heimilt er að gera ráð fyrir að viðmiðununum verði náð á allt að tíu árum, frá 1. janúar 2013 að telja. Ráðherra getur veitt sveitarstjórn frest í allt að tíu vikur til að ljúka afgreiðslu áætlunar ef brýn nauðsyn krefur, enda liggja fyrir rökstudd beiðni ásamt tímasettri áætlun.

Eftir skoðun eftirlitsnefndar á fjármálum sveitarfélagsins er það niðurstaða nefndarinnar að sveitarfélagið standist ekki fjárhagsleg viðmið sveitarstjórnarlaga. Í samræmi við 16. gr. reglugerðar nr. 502/2012 óskar eftirlitsnefndin eftir áætlun sveitarstjórnar um hvernig hún hyggst ná viðmiðum sveitarstjórnarlaga.

Bæjarráð ásamt bæjarstjóra og fjármálastjóra munu nú þegar hefjast handa við úrlausn málsins.

7. Beitarhólf

Bæjarráð úthlutar beitarhólfi H16 (38.700 m²) til Steingríms Kristinssonar kt. 080865-3259.

8. Bréf frá fjárlaganefnd dags. 18. júní 2012

Fjárlaganefnd hyggst breyta áherslum sínum við fjárlagagerðina. Tíðkast hefur að funda með sveitarfélögum um frumvarp til fjárlaga og áherslur sveitarfélaga því tengdar. Fjárlaganefnd vill leggja sérstaka áherslu á eftirfarandi þætti á væntanlegum fundum sínum með sveitarfélögunum.

- Málefni sem tengjast fjármálasamskiptum ríkis og sveitarfélaga
- Málefni sem tengjast verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga
- Málefni sem tengjast fjárhagsstöðu sveitarfélaga, s.s. eins og skuldastöðu og fjárhagslegri getu til að takast á við lögbundin verkefni
- Önnur mál sem sveitarstjórnir telja mikilvægt að ræða við fjárlaganefnd og eru á málefnasviði nefndarinnar

Fjárlaganefnd óskar eftir viðbrögðum sveitarfélaga við þessum áherslum. Bæjarráð frestar afgreiðslu til næsta fundar.

9. Aðalfundarboð Norðurár bs.

Boðað er til aðalfundar Norðurár bs. fimmtudaginn 12. júlí 2012 kl. 15:00 í félagsheimilinu Fellsborg Skagaströnd.

Bæjarráð felur Ágústi Þór Bragasynti að fara með atkvæði Blönduósbæjar á fundinum.

10. Bréf frá Þjóðskrá dags. 2. júlí 2012

Þjóðskrá Íslands hefur í samræmi við 32. gr. a. laga nr. 6/2001, um skráningu og mat fasteigna lokið árlegu erndurmati fasteignamats allra fasteigna á Íslandi. Fasteignamat á Blönduósi hækkar 8,3% og landmat um 8,0%.

Lagt fram til kynningar.

11. Bréf frá Vegagerðinni frá 16. maí 2012

Þar sem Blönduóshöfn telst ekki landshöfn í grunnneti, falla Húnabraut og Hafnarbraut frá gatnamótum Hringveggar að hafnarsvæði, ekki lengur undir skilgreiningu þjóðvega. Mun Vegagerðin því hætta að greiða fyrir viðhald og þjónustu á umræddum vegum frá og með 1. janúar 2013.

Ef til þess kemur, að stjórnvöld ákveða að fjármagna að einhverju leyti viðhald og þjónustu þeirra vega sem féllu út af vegaskrá með gildistöku vegalaga nr. 80/2007 mun sú ákvörðun einnig gilda um Húnabraut og Hafnarbraut, eftir því sem við á.

Bæjarstjóri kynnti minnisblað frá Ágústi Þór Bragasyni, yfirmanni tæknideildar, þar sem reifuð eru mótrök fyrir þessari ákvörðun Vegagerðarinnar.

Bæjarstjóra falið að senda bréf á Vegagerðina og andmæla þessari aðgerð Vegagerðarinnar og senda afrit á þingmenn og ráðherra samgöngumála.

12. Bréf frá Umhverfisstofnun frá 20. júní 2012

Sveitarfélagið sótti um undanþágu frá kröfu um hauggassöfnun á urðunarstaðnum Draugagili, sem nú er í lokunarferli.

Í gögnum málsins liggur fyrir að urðunarstaðurinn í Draugagili er í formlegu lokunarferli. Umhverfisstofnun metur það svo að ekki sé ástæða til að gera kröfu um söfnun hauggass og eyðingu þess með bruna.

Þar sem urðun er hætt þarf Blönduósbær hvorki að skila inn framkvæmdaáætlun fyrir 15. febrúar 2013 til Umhverfisstofnunar vegna urðunarstaðarins í Draugagili né tryggja söfnun á hauggasi frá og með 16. júlí 2013.

13. Bréf frá Erlendi Magnússyni frá 25. júní 2012

Í bæklingi sem Markvert ehf., umsjónaraðili Húnavökunnar 2012, gaf út urðu þau leiðinlegu mistök að ekki var farið rétt með nafni íbúa að Brimslóð 8, Erlendar F. Magnússonar, og ranglega farið með staðreyndir.

Bæjarráð harmar þessi mistök.

14. Bréf frá Erlendi Magnússyni frá 1. júlí 2012

Óskað er eftir samþykki bæjarstjórnar fyrir rannsóknum og uppmælingu á hlöðnum grunni undan hinu svonefnda vesturpakkhúsi Höepfnarsverslunar sem stóð á lóð þess frá 1882-1931.

Áhugi er fyrir hendi að endurgera húsið í samráði við Húsafriðunarnefnd. Fyrirhugað er að nota nýta húsið fyrir gestavinnustofu listamanna og opin sýningarsal á íslenskri og erlendri hönnun og handverki.

Bæjarráð felur bæjarstjóra að afla frekari upplýsingar um málið.

Jafnframt er óskað eftir að lóð Brimslóð 8 verði mæld upp og mörk lóðarinnar afmörkuð.

Bæjarráð óskar eftir gögnum um málið frá byggingarfulltrúa Blönduósbæjar.

15. Önnur mál

b) Fundargerðir Norðurár 27. mars og 3. apríl 2012 lagðar fram til kynningar.

Fundargerð upplesin og samþykkt.
Fundu slitið 18:30

Zophonías Ari Lárusson (sign.)
Anna Margrét Sigurðardóttir (sign.)
Oddný María Gunnarsdóttir (sign.)

Arnar Þór Sævarsson (sign.)